

Ed.

408. Nefndarálit

[106. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 41/1968, um verzlunaratvinnu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt á nokkrum fundum.

Efni frv. er það, að ráðherra sé heimilt að víkja frá menntunarkröfum, þegar sótt er um verzlunarleyfi, ef sérstaklega stendur á að mati hans.

Eins og kunnugt er, hafa lögín um verzlunaratvinnu frá 1968 að geyma ströng ákvæði um menntunarskilyrði miðað við það, sem áður var. Bent hefur verið á, að víða um land kunni að vera skortur á verzlunarþjónustu í sérgreinum, t. d. í iðnaði, og iðnaðarmenn vilji og þurfi að verzla með vörur sínar, en hafi yfirleitt eigi verzlunarpróf, verzlunarnámskeið þau, sem lögín gera ráð fyrir, hafi ekki enn þá verið sett á fót og verzlunarfræðsla í hinu almenna skólakerfi og ýmsum sérskólum, svo sem iðnskólum, sé alls ófullnægjandi. Þá hefur verið vakin athygli á nauðsyn þess, að reglur verði settar um framkvæmd á lögnum, þar sem menntunarskilyrðum yrði hagað eftir aðstæðum, svo sem eðli, stærð og staðsetningu verzlunarrekstrar.

Að þessu virtu þykir nefndinni rétt, að nokkuð sé slakað á ströngustu menntunarskilyrðum í þá átt, sem frv. greinir, og leggur því til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. marz 1972.

Björn Fr. Björnsson,
form., frsm.

Geir Gunnarsson,
fundaskr.

Magnús Jónsson.

Halldór Kristjánsson.

Eggert G. Þorsteinsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alexander Stefánsson.